
LISTIR



ÁRIN 1931 til 1945 voru upphafsskeið landslagsmálunar hjá Kjarval. Þá fór hann einnig að gera tilraunir með ýmsar kynjaverur í landslaginu.



Á ÞESSARI yfirlitssýningu á verkum Hrings, sem jafnframt er fyrsta yfirlitssýningin á verkum hans, gefur að líta úrval olíumálverka síðastliðin 30 ár.



Á SÝNINGU Jónínu verður listunnendum boðið til móts við nýja leirskúlptúra sem sérstaklega hafa verið gerðir fyrir rýmið á Kjarvalsstöðum.

Kjarval, Hringur og Jónína Guðnadóttir á Kjarvalsstöðum

ÞRJÁR SÝNINGAR verða opnaðar á Kjarvalsstöðum á morgun, laugardag; yfirlitssýning á verkum eftir Hring Jóhannesson í vestursal, sýning á nýjum verkum eftir Jónínu Guðnadóttur í miðsal og sýning á verkum eftir Jóhannes S. Kjarval frá árunum 1931 til 1945 í austursal sem ber yfirskriftina Lifandi land.

Upphafsskeið landslagsmálunar Kjarvals

Á síðastliðnum árum hefur Kristín Guðnadóttir listfræðingur og safnvörður á Kjarvalsstöðum og Ásmundur Helgason sagnfræðingur unnið að rannsóknum á list- og æviferli Jóhannesar S. Kjarvals. Fyrir tveimur árum setti Kristín saman sýningu sem hún nefndi Mótunarárin í list Kjarvals. Komu þar fram margar merkar og endurskoðaðar upplýsingar um list Kjarvals. Að þessu sinni einbeitir Kristín sér að tímabilinu 1931 til 1945. „Þetta mætti kalla miðkaflann á ferli listamannsins. Um 1930 verða nokkur kaflaskil hjá Kjarval; hann fer að einbeita sér að landslagsmálverkum. Hann lýsti því beinlínis yfir að hann ætlaði að leggjast út og fara að mála íslenska náttúru. Fyrsti áfangastaður hans var Þingvellir. Síðan sneri hann sér að umhverfi Reykjavíkur; málaði til dæmis Vífilsfellið mjög mikið.

Það sem vekur athygli á þessu upphafsskeiði landslagsmálunar Kjarvals er hversu mikið hann málaði sama mótífið frá sama stað, bara í mismunandi veðri, mismunandi birtu og á mismunandi tíma dags. Hann vinnur mjög meðvitað með þetta; það eru þarna heilar myndraðir af sama mótífi. Hann vildi sýna okkur fram á fjölbreytileika náttúrunnar; hann sagði í viðtali á þessum tíma að hann vildi sýna náttúruna í mismunandi veðrabrigðum og kanna hvernig hún brygðist við mismunandi skilyrðum.

Á þessum tíma fór Kjarval líka að vinna saman landslag og ýmiss konar verur; álfa, engla og kynjaverur af öllu tagi. Hann vann einnig áfram með kúbisma og symbólisma. Á þessu tímabili spannar hann því ákaflega breitt svið."

Kristín birtir ítarlega grein um listamanninn í sýningarskrá. Þar er ennfremur birt í fyrsta skipti endurnýjuð æviferilsskráning (1931–1945) Kjarvals eftir Ásmund Helgason.

Endurnýjuð sýn með Hring

Hringur Jóhannesson hefur um árabil verið einn dáðasti listamaður þjóðarinnar en hann andaðist síðla árs 1996 langt um aldur fram. Hringur kom fyrst fram á sjónarsviðið í byrjun áttunda áratugarins með fígúratíft málverk unnið með hefðbundnum efnum – olíulitum á striga, á þeim tíma er framúrstefnuhópurinn, oftast kenndur við SÚM, lagði sig fram við að brjóta niður öll hefðbundin gildi í myndlistinni. Hringur valdi aftur á móti önnur viðmið í samtímalistinni sem tengdust popplistinni og síðar Hyperrealismanum eða ofurraunsæi.

Ekki leið á löngu þar til Hringur sneri sér í auknum mæli að landinu og hóf að myndgera og túlka íslenska náttúru. Má með sanni segja að Hringur hafi aukið við nýjum kafla í íslensku landslagsmálverki og í raun gefið okkur endurnýjaða sýn á landið. Á þessari yfirlitssýningu á verkum Hrings sem jafnframt er fyrsta yfirlitssýningin á verkum hans gefur að líta úrval olíumálverka síðastliðin 30 ár. Þar koma fram öll helstu myndefnin sem Hringur glímdi við á sínum listferli, auk þess sem áhorfendur geta rakið þróun og áherslubreytingar í persónulegum stíl listamannsins.

Í tengslum við sýninguna hefur verið gefin út sýningarskrá með litmyndum af verkum listamannsins og umfjöllun eftir Auði Ólafsdóttur listfræðing.

Skúlptúr í leir

Jónína Guðnadóttir er fyrir löngu orðin einn þekktasti leirlistamaður hér á landi. Síðastliðin þrjátíu ár hefur listakonan unnið að listsköpun sem ýmist hefur tengst nytjahlutum eða sjálfstæðum form- og efnisrannsóknum. Að þessu sinni er listunnendum boðið til móts við ný verk sem sérstaklega hafa verið gerð fyrir rýmið á Kjarvalsstöðum. Þar gefur að líta afrakstur áralangrar listsköpunnar, sjálfstæða skúlptúra sem oftar en ekki hafa sterka skírskotun í íslenska náttúru. Í tengslum við sýninguna hefur verið gefin út sýningarskrá með litmyndum af verkum listakonunnar og grein Eiríks Þorlákssonar listfræðings.

Kjarvalsstaðir eru opnir daglega frá kl. 10–18.

Síðustu verk Hrings

SÝNING á nokkrum af síðustu myndunum sem Hringur Jóhannesson gerði, en hann lést 17. júlí á síðasta ári, verður opnuð í baksal Gallerí Foldar við Rauðarárstíg laugardaginn 11. janúar kl. 15.



Hringur Jóhannesson

Á sýningunni verða bæði pastel- og olíuverk, sem unnin voru fáeinum vikum fyrir lát listamannsins, en að auki verða sýndar nokkrar eldri teikningar. Um er að ræða sölusýningu.

Sýningin stendur til 2. febrúar. Opið er í Gallerí Fold daglega frá kl. 10–18, laugardaga frá kl. 10–17 og sunnudaga frá kl. 14–17.

Barnaherbergi í tengslum við Bókasafn Norræna hússins

ÞAÐ er búið að innrétta nýtt herbergi fyrir börn í Norræna húsinu undir bókasafninu og verður það formlega tekið í notkun laugardaginn 11. janúar kl. 14. Hvert land fyrir sig mun eiga sinn bókaskáp í herberginu þar sem kynnt verður það helsta í barnabókmenntum viðkomandi lands.

Á laugardaginn verður efnt til samkeppni um nafn á herbergið og lesnar verða upp sögur í *norrænum* barnabókum, m.a. verður lesin danska bókin „Historien om den sultne løve, den glade elefant, den lille mus og Jens Pismyre" eftir Asger Jorn, kafli um múmínálfana o.fl.

Veislustjórar eru þeir Felix Bergsson og Gunnar Helgason. Úrslit úr samkeppninni verða *kynnt viku síðar* eða sunnudaginn 19. janúar kl. 14 um leið og sýnd verður teiknimynd um múmínálfana.

Barnaherbergið er opið á sama tíma og bókasafnið og er hugmyndin sú að fá einn barnabókarithöfund í heimsókn í hverjum mánuði til að lesa úr verkum sínum og spjalla við börnin.

Af tvennum toga

SÝNINGIN „Af tvennum toga" verður opnuð laugardaginn 11. janúar kl. 16 í Listhúsi 39 við Strandgötu 39 í Hafnarfirði. Þetta er samsýning Önnu Guðjónsdóttur og Erlu Sólveigar Óskarsdóttur á olíumálverkum og húsgagnahönnun.

Anna útskrifaðist úr grafíkdeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1981 og stundaði framhaldsnám í leikmynda og búningagerð við Accademia di Belle Arti í Róm frá 1982–1986.

Erla stundaði nám við iðnhönnunardeild Danmarks Design Skole í Kaupmannahöfn frá 1989–1993.

Sýningin er opin virka daga frá kl. 10–18, laugardaga frá kl. 12–18 og sunnudaga frá kl. 14–18 og stendur til 26. janúar.

Sigurbjörn Bernharðsson fiðluleikari á styrktartónleikum óperunnar

Demantar og grín

TÓNLEIKAR Styrktarfélags íslensku óperunnar verða haldnir í Íslensku óperunni á morgun, laugardag, kl. 14.30. Þar koma fram Sigurbjörn Bernharðsson fiðluleikari og John Howsmon píanóleikari.

Á tónleikunum muna þeir leika mörg falleg verk, sagði Sigurbjörn í samtali við Morgunblaðið.

„Fyrsta verkið sem ég ætla að spila er Brahms-sónata í G-dúr, op. 78 fyrir fiðlu og píanó en þetta er sú fyrsta af þremur sónötum sem hann samdi. Þetta verk er afar mikið flutt og er eiginlega um þessar mundir mín uppáhaldssónata af öllum þeim sem til eru. Hún er mjög innhverf og má segja að það sé gegndarlaus fegurð í henni. Næst mun ég leika tilbrigði á g-strengnum við stef eftir Rossini eftir Paganini. Fyrsta verk eftir hlé verður Fjögur verk fyrir fiðlu og píanó eftir Anton Webern. Þetta eru fjögur afar stutt verk í tólftóna stíl. Sumir hafa sagt að það væri eins og vel slípaður demantur sem hefur marga fallega fleti sem þurfa að vera vel slípaðir eins og leikurinn á verkinu. Einnig mun ég leika Fjögur næturljóð eftir Þorkel Sigurbjörnsson og Zigane eftir Ravel. Þarna gerir Ravel eiginlega grín að sígaunatónlist en á afar jákvæðan hátt."

Sigurbjörn hóf fiðlunám sex ára gamall og stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Guðnýju Guðmundsdóttur. Þaðan lauk hann einleikaraprófi aðeins nítján ára gamall og hélt síðan til Bandaríkjanna þar sem hann er í meistaranámi hjá Shmumil Ashkenasi og Matias Tacke, sem eru báðir fiðluleikarar í Vermeer-strengjakvartettinum við tónlistarskólann í Illinois.



Morgunblaðið/Kristinn

SIGURBJÖRN Bernharðsson fiðluleikari og John Howsmon píanóleikari koma fram á styrktartónleikum Íslensku óperunnar á morgun, laugardag.

Sigurbjörn segist munu ljúka náminu eftir eitt ár, í desember 1997. „Þegar ég klára mun ég annaðhvort koma heim að vinna, fá mér vinnu úti eða halda áfram námi. Það er raunar ætlunin að koma heim einhvern tímann en hvenær það verður er ómögulegt að segja."

Howsmon er Bandaríkjamaður og leikur nú í fyrsta skipti hér á landi. Howsmon er prófessor við meðleikaradeildina í tónlistarháskólanum í Oberlin.

Sigurbjörn sagðist vilja koma á framfæri sérstöku þakklæti til Fjölnis Stefánssonar hjá Tónlistarskóla Kópavogs fyrir æfingaaðstöðu og Soffíu Karlsdóttur hjá Íslensku óperunni fyrir góðan undirbúning tónleikanna.